

## Efni: Samantekt vegna ábendingar Ískalks – leyfi á SN reitum

Á fundi svæðisráðs vestfjarðar þann 20.mars 2023 ábendingar Ískalks ehf. vegna afmörkunar reita undir sérstaka nýtingu var rædd.

**Niðurstaða:** Svæðisráð óskar því að HMS skoði betur ábendingar frá Ískalk – til umræðu á næsta fundi.


### Aðdragandi:

Bréf barst á formann svæðisráðs Vestfjarða þann 12.janúar 2026. Þar rekur Halldór Halldórsson forstjóri Íslenska kalkþörungarfélagsins ákveðna þætti sem að hans mati kalli á endurskoðun á strandsvæðisskipulaginu.

Ábendingin tekur helst á þeim þáttum er kemur að nálægð innan SN svæðanna, en vegna nálægðar sem er í dag við eldissvæðin og getur sambúðin getur oft verið snúin m.t.t. efnistöku fyrirtækisins annarsvegar og fiskeldisins hinsvegar.

Þá bendir HMS á frekari samlegðaráhrif á SN34 Bæjarhlíð – en skörun á leyfi til hagnýtingar kalkþörungarsæts í Ísafjarðardjúpi sem gefið var út 17.03.2021. Nú er verið að óska eftir stækkun eldissvæðisins í átt að þessum nýtingarreit og væri því æskilegt að Háafell leitaði eftir umsögn til Íslenska kalkþörungafélagsins.

Hér fyrir neðan er staðan á leyfum fyrir kalkþörungarvinnslu í Arnarfirði, innan SN svæða en merk með ljósbláu:



### Samantekt/viðbrögð:

*Frá greinagerð strandsvæðisskipulagsins; almenn ákvæði vegna samráðs og mögulegrar skörunar:*

„Óskyldir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits. Ekki er gert ráð fyrir orkuvinnslu, akkerislægjum, haugsetningu eða vegum sem þvera firði á reitum sem skilgreindir eru fyrir staðbundna nýtingu þar sem slík starfsemi getur takmarkað nýtingu viðkomandi reits. Það sama á við um lagningu sæstrengja að undanskildum þeim sem tengjast viðkomandi starfsemi.“ segir í greinagerð strandsvæðisskipulagsins (bls. 40)

